# Danska flutningaskipið Dragor






MORGUNBLAÐIÐ

8. árg., 32. tbl. | Miðvikudag 8. desember 1920 | Ísafoldarprentsmiðja h.f.

# Skipstrand.

Kl. 6 í fyrrakvöld strandaði á Bakkafjöru í Austur-Landeyjum danska seglskipið „Dragör". Var það á leið frá Kaupmannahöfn til Ísafjarðar og hafði engar vörur meðferðis hingað, en átti að taka fisk til útflutnings á Ísafirði.

Skipið er svo hátt uppi í fjöru, að gengið varð út í það þurrum fótum um fjöru í gær. Eru því lítil líkindi til að því verði náð út, þó enn sé það óskemt að öllu leyti.

Skipverjar voru 11 alls, flestir danskir.

„Dragör" er fjórmöstruð skonnorta með 160 hesta vél, bygð í Svendborg árið 1917, 600 smálestir að stærð. Eigandi er h.f. Dragör í Kaupmannahöfn.

Eigi var afráðið í gærkvöldi hvort „Geir" yrði fenginn til að reyna að bjarga skipinu.


Skipsflak


Skipsflak


Skipsflak